

Ed.

117. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, þannig:

Hinn 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar, tollstjórinn í Reykjavík) leggja fram skýrslur um álagðan söluskatt samkv. þessum kafla laganna, er sýni heildarupphæð sölu-skattsins hjá hverjum skattgreiðanda fyrir sig á undangengnu þriggja mánaða tímabili. Skýrslur þessar skulu liggja frammi almenningi til sýnis í hverju umdæmi í skrifstofu innheimtumanns eða á öðrum hentugum stað eigi skemur en þrjár vikur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn almenni söluskattur hefur þann mikla annmarka, að ekki er trygging fyrir því, að hann komi allur til skila í ríkissjóðinn. Talið er, að þeir, sem eiga að heimta hann í viðskiptum við almenning, geri það yfirleitt að visu, en aftur á móti verði vanhöld á, að ríkissjóði — þ. e. innheimtumönnum hans: sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóranum í Reykjavík — sé skilað öllu því, sem almenningur hefur goldið.

Eftirlit af ríkisins hálfu til að koma í veg fyrir þessi vanhöld er torvelt, enda sumir skattgreiðendurnir ekki bókhaldsskyldir.

Gjaldendurnir, sem borga hinum svonefndu skattgreiðendum féð, geta ekki á neinn hátt — eins og lögín um söluskattinn eru — fylgzt með því, hverju skattgreiðendur í þeirra umhverfi skila í ríkissjóðinn. Engar skýrslur eru um það birtar.

Almenningur unir þessu ástandi illa, sem vonlegt er. Enn fremur kunna skil-samir skattgreiðendur því ekki vel, að öðrum líðist undanbrögð og fjárdráttur, eins og talið er, að þarna eigi sér stað.

Nauðsynlegt er að herða eftirlitið af ríkisins hálfu. Lögum þarf ekki að breyta til þess. Hins vegar er líka mikilsvert til áhrifa og aðstoðar við eftirlit ríkisins, að almenningur geti betur fylgzt með en nú er og veitt aðhald. Til þess að það geti orðið, þarf lagabreytingu þá, sem felst í þessu frumvarpi.

Verði frumvarpið að lögum, verða skýrslur um álagðan söluskatt lagðar fram almenningi til sýnis hverju sinni, eins og skrár um tekju- og eignarskatt og útsvör. Geta þá kunnugir fengið tækifæri til athugasemda og skattgreiðendur vitað, að þær vofa yfir þeim. Yrði því nokkru nær um aðhald til fullra skila.